



Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

ÁTVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ


Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 6. nóvember 2020
Tilv.: ANR20070313/05.01.03

Efni: Stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs í Dalabyggð

Með vísan til erindis dags. 19. október 2020, fundar með fulltrúum ráðuneytisins þann 27. október sl. og sendingu viðbótarupplýsinga þann 28. október sl.

Hugmyndir Dalabyggðar um stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs í sveitarfélaginu fara vel saman við markmið stjórnvalda um aukna áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni. Ég fagna því frumkvæði sem Dalabyggð hefur sýnt með hugmyndum sínum og tek undir það að rými í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal væri hentugt fyrir starfsemina. Rýmið, sem stendur að mestu autt og er í eigu Ríkiseigna, er í sama húsi og stjórnsýsla sveitarfélagsins og allt utanumhald væri því þægilegt. Ég styð því heils hugar að íslenska ríkið styðji við starfsemina með því að gera samning við Dalabyggð um afnot af húsnæðinu.


Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir